

1. **Félagsróðrar.** Rætt var um félagsróðra í sumar og ákveðið að þeir skuli vera á mánudögum kl.19:30.
2. **Aðalfundur.** Ákveðið að halda aðalfund Kaj fimmtudaginn 15. maí í sundlaugarhúsinu. Formanni falið að panta húsið.
3. **Félagsaðstaðan.** Rætt um að stefna að því að klára að smíða pall í fjörunni fyrir Egil Rauða. Einnig rætt um að reyna að klæða húsið og smíða rekka undir bátana í “vesturendanum”. Formanni falið að kaupa efni í herlegheitin. Formaður sagði frá því að hann hefði óskað eftir því við bæjarstarfsmenn að hleðslur í fjörunni yrðu kláraðar sem allra fyrst enda lítið hægt að gera í pallasmíði fyrr en því er lokið.
4. **Búnaðarkaup.** Ari formaður sagði frá því að hann hefði fest kaup á notaðri neopren svuntu, björgunarvesti og pumpu fyrir klúbbinn. Hann sagði líka frá því að grænlenki báturinn væri tilbúinn og biði heimferðar en mikill ís við Grænland tefði fyrir flutningi á honum. Báturinn er af gerðinni Learning Curve og er hann smíðaður í Qaqortoq á Grænlandi. Einnig koma með honum tvær grænlenskar árar (ein fullorðins og ein barna), svunta og Tuiliq¹. Einnig var ákveðið að kaupa SPOT staðsetningartæki og kostar það um 30.000 auk árgjalda.
5. **Egill Rauði.** Rætt lauslega um sjókajakamótið Egil rauða sem mun hefjast föstudaginn 6. júní næstkomandi.
6. Vettvangsskoðun. Að lokum var farið í vettvangsskoðun í fjöruna þar sem mælingar voru gerðar vegna efniskaupa o.fl.

Fundi lokið kl.23:10

Fundinn sátu:

Ari Magnús Benediktsson, formaður
Óskar Þór Guðmundsson, ritari

Pjetur St Arason, varaformaður
Pálmi Benediktsson, varamaður

¹ Tuiliq er grænkensk flík sem er eins og toppur með áfastri svuntu.